

Greinargerð dómnefndar um verðlaun fyrir menningarminjakeppni grunnskólanema í tilefni af menningararfsári Evrópu 2018

Fyrstu verðlaun

Myndasería eftir Magnísi Huguínu Valgeirsdóttur (6. Bekk)

Rökstuðningur:

Höfundur sýnir að hún hafi kynnt sér efnið vel. Setur það fram með frumlegum en skipulögðum hætti þar sem fyrsta mynd sýnir stóra samhengið, önnur mynd sýnir minjastaðinn og þriðja myndin setur minjar í persónulegt samhengi. Þá setur hún fram tilgátu um áhrif Baska á Íslendinga út frá fundnum gripum.

Annað sæti

Evanger verksmiðjan á Siglufirði, myndbandsverk

Rökstuðningur:

Höfundar setja fram á lifandi og skemmtilegan hátt upplýsingar um Evanger verksmiðjuna og nýta miðilinn með fjölbreytilegum hætti. Áhugasamar og skýrar í framsetningu og hvetja fólk til að leita sér frekari upplýsinga.

Þriðja sæti

Ljóð eftir Guðbjörgu Ósk Halldórsdóttur (4. Bekk)

Rökstuðningur:

Höfundur nýtir sér eina tegund menningararfsins, ljóðið, til að fjalla um aðrar hliðar hans. Í þessu stutta örljóði kemur höfundur öllum helstu upplýsingum um viðfangsefnið á framfæri.